



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 6. mars 2015
Tilvísun: 201502-0024

Efni: Frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum. Þingskjal 422 – 339. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra.

ASÍ bendir á, líkt og í umsögn sinni frá 04.06.2010, þar sem fjallað er um sama mál, að markmiðið með orlofslögum á sínum tíma var að veita þeim konum sem veittu heimili forstöðu færi á að taka orlof líkt og launafólk hafði samið um við atvinnurekendur.

Tilgangur laganna var að lögfesta viðurkenningu á þjóðfélagslegu mikilvægi ólaunaðra starfa og veita húsmæðrum rétt til orlofs líkt og launafólki. Um félagsleg réttindi er því að ræða fyrir þennan hóp sem hann gat ekki öðlast á grundvelli kjarasamninga.

Í greinagerð með frumvarpi því sem óskað er umsagnar um kemur fram að vegna breytinga á vinnumarkaði og stöðu kvenna má ætla að stór hluti þeirra sem þegið hafa húsmæðraorlof undanfarinn áratug eigi lögbundinn rétt til orlofs. Einnig kemur fram í greinagerðinni að orlof húsmæðra standi jafnt þeim konum til boða sem starfa heima við eða á almennum vinnumarkaði.

ASÍ tekur undir það að atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist stórlega allt frá byrjun áttunda áratugarins og að samfélagið hefur tekið örum breytingum á undanförunum áratugum. Staða kynjanna er önnur í dag en hún var þegar lögin um orlof húsmæðra var sett árið 1960, varðandi heimilishald og barnauppheldi. Þrátt fyrir breytta tíma, þá því miður sýna kannanir að ennþá eru heimilisstörf og umönnun barna frekar á ábyrgð kvenna en karla.

Þrátt fyrir örar samfélagsbreytingar og að atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er meiri en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við þá vinna íslenskar konur ennþá fleiri ólaunaðar vinnustundir við heimilisstörf en karlar.

Alþýðusamband Íslands

Sættúni 1 • Reykjavík

Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601

asi@asi.is • www.asi.is



Alþýðusambandið telur nauðsynlegt að áður en Alþingi tekur ákvörðun um að afnema réttindi tiltekinna hópa í þjóðfélaginu, að kannað sé hvaða áhrif slík aðgerð hefur fyrir þann hóp og einnig að það liggi fyrir hversu fjölmennur sá hópur er sem ákvörðunin hefur áhrif á.

Í 6. gr. núgildandi orlofslaga segir m.a.:

Þegar valið er úr umsóknum, skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar barnafjölda, aldur barna og aðrar félagslegar aðstæður kvennanna.

ASÍ leggur til að úttekt verði gerð á því hvernig sá hópur er samansettur sem hefur nýtt sér orlofsréttindi húsmæðra s.l. fimm ár. Hvort að hópurinn uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fram í lögnum.

Á grundvelli framangreinds telur ASÍ nauðsynlegt að gerð verði úttekt á hversu fjölmennur sá hópur er sem hefur beina hagsmuni af orlofi húsmæðra, samkvæmt núgildandi orlofslögum. Einnig þarf að fara fram úttekt á hvernig þeir hópar eru samansettir sem hafa nýtt sér orlofsréttindin síðast liðin ár. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir getur sambandið tekið afstöðu til þess hvort breyta þurfi eða afnema núverandi lög um orlof húsmæðra eða ekki.

Að lokum bendir ASÍ á að ef frumvarpið nær fram að ganga og lög um orlof húsmæðra verði felld úr gildi í núverandi mynd þar sem þau er ekki að ná markmiði sínu, þá verði þeim breytt og það fjármagn sem veitt hefur verið í orlofssjóð húsmæðra nýtist á annan hátt því barnafólki sem ekki hefur tök á launuðu orlofi.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Marianna Traustadóttir,
sérfræðingur

Alþýðusamband Íslands

Sætuúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Umsögn til Allsherjar- og menntamálanefndar vegna máls nr. 339 – frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna).

Beiðni um umsögn um ofangreint erindi nefndarinnar var tekin til umfjöllunar á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 5. mars 2015.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Bæjarráð Hveragerðisbæjar fagnar framkomnu frumvarpi um að lög um orlof húsmæðra nr. 53/1972 falli úr gildi og hvetur þingmenn til að stuðla að því að frumvarpið verði samþykkt.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur
Aldís

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar



Reykjavík, 23. febrúar 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra nr. 53/1972 með síðari breytingum.

Gera má ráð fyrir að fulltrúar ýmissa umsagnaraðila sem sæti eiga í Jafnréttisráði sendi inn sérstakar umsagnir í nafni félaga, félagasamtaka eða stofnanna. Því er ekki rétt að túlka þau sjónarmið sem hér koma fram sem sameiginlegt álit Jafnréttisráðs, heldur einungis álit formanns ráðsins.

Lög um sérstakan orlofssjóðs frá 1960 þar sem styrkja átti heimavinnandi húsmæður sem unnu launalaust að rekstri heimilis og uppeldi barna voru eðlileg í ljósi þeirrar samfélagsgerðar sem þá var ríkjandi á Íslandi. Lang flestar konur voru heimavinnandi og nutu í engu orlofsréttinda á við þá sem unnu launaða vinnu utan heimilis. En sem betur fer hefur samfélagið breyst og nú er atvinnuþátttaka kvenna mjög mikil og þar með njóta lang flestar konur orlofsréttinda, þó svo að hluti kvenna vinni hlutastörf og búa þar með við skert réttindi til orlofstöku.

Er rétt að viðhalda lögum sem þessum sem byggja á breyttu samfélagi? Í dag er staða kynjanna þegar kemur að heimilishaldi og barnauppleddi allt önnur en hún var á þeim tíma sem löggin eru sett. Þó svo að konur beri enn meiri ábyrgð en karlar á heimilisstörfum réttlætir það ekki að viðhalda sérstökum orlofssjóðum um allt land. Það er erfitt verk að velja úr þær konur sem best falla að uppgefnum markmiðum laganna og gæta jafnræðis. Ef sveitarfélög finna fyrir þörf á að styrkja konur og karla sem sökum ólaunaðra heimilisstarfa eiga ekki rétt á orlofstök á við launþega er ekkert sem hamlar því að sveitarfélög hlaupi undir bagga og útbúi sínar reglur í ljósi markhópsins.

Ég er sannfærð um að ef í dag kæmi upp sú hugmynd að stofna orlofssjóði með sömu formerkjum og umrædd lög ná yfir kæmum við jafnréttissinnar alls ekki til að samþykkja þess konar lög. Við vildum mun frekar að allt samfélagið inni að því að ábyrð og þátttaka í heimilishaldi og barnauppleddi legðist jafnt á herðar karla og kvenna – feðra og mæðra. Þannig að konur sem karlar gætu tekið orlof á eigin forsendum. Með lögum og sjóðum sem þessum er verið að viðhalda gömlu gildum sem við viljum uppræta og passa ekki inn í raunheima dagsins í dag.

Með kveðju,

Fanný Gunnarsdóttir
Formaður Jafnréttisráðs



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 18. mars 2015
1503011 IE

Efni: Umsögn um frv. til laga um afnám laga um orlof húsmæðra nr. 53/1972.

Jafnréttisstofu hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra nr. 53/1972, m. síðari breytingum, 339. mál, þskj. 422. Jafnréttisstofa vísar til umsagnar sinnar, dags. 1. júní 2010 um sama mál frá 138. löggjafarþingi, eftir því sem við á.

Jafnréttisstofa telur að aðstæður í íslensku samfélagi séu breyttar frá því sem var þegar löggin voru sett. Jafnréttisstofa ítrekar þó enn og aftur að fullu jafnrétti kynjanna hefur enn ekki verið náð. Má þar nefna kynbundið launamisrétti og það að konur sinna ólaunaðri vinnu á heimilum og við umönnun fjölskyldu í mun ríkari mæli en karlar. Ástæða getur verið til að grípa til sértækra aðgerða til að vinna gegn þeim mun sem enn viðgengst á stöðu karla og kvenna hérlendis.

Jafnframt þarf að halda því til haga að ekki er víst að allt fólk, konur og karlar, hafi tækifæri til að sinna launaðri vinnu og vinni sér þar með inn orlofsrétt. Jafnréttisstofa tekur því undir þau sjónarmið sem fram eru komin í umsögn Alþýðusambands Íslands um að kanna þurfi hvaða hópar hafi þurft á þeim úrræðum að halda sem kveðið er á um í nágildandi lögum. Ástæða geti verið til að breyta þeim lögum eða semja ný lög sem tryggi því fjölskyldufólki sem ekki hefur kost á að vinna sér inn orlofsrétt, rétt til orlofstöku með öðrum hætti.

Jafnréttisstofa svarar fúslega spurningum um efni umsagnarinnar og er fús til að koma á fund nefndarinnar, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elíasdóttir

lögfræðingur

Aðalfundur Kvenfélagasambands Gullbringu- og Kjósarsýslu, haldinn í Miðgarði, Garði, 7. mars 2014 beinir því til Alþingis að fresta gildistöku lagafrumvarps sem nú liggur fyrir Alþingi um afnám laga nr. 53/1972, lög um orlof húsmæðra. Frestun gildistöku laganna miðist við að þegar skipulögðum orlofsferðum ársins sé lokið.

Rökstuðningur: Dagsetning gildistöku lagafrumvarpsins er talin óheppileg þar sem ganga þurfti frá öllum ferðum ársins 2015 fyrir síðustu áramót. Greiða þarf allar ferðir að fullu átta vikum fyrir brottför. Ferðir ársins 2015 hafa þegar verið skipulagðar.

Jafnframt beinir fundurinn því til Alþingis að ákvæði laga nr. 53/1972 um ráðstöfun á afgangsrættarfé í sjóðum orlofsnefndar renni áfram til líknarmála en ekki til baka til sveitafélaga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Garður 7. mars 2014

Þórný Jóhannsdóttir formaður

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 6. mars 2015

Efni: Umsögn Kvenfélagasambands Íslands um frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra nr. 53/1972 með síðari breytingum.

Kvenfélagasambandi Íslands (KÍ) hefur borist ofangreint frumvarp, 144. Löggjafarþings 2014-2015. Þingskjal 422 – 339. mál.
til umsagnar.

Kvenfélagasambandið lýsir sig alfarið andsnúið frumvarpinu og telur það byggt á þeim forsendum að jafnrétti kynjanna sé náð sem því miður er ekki raunin þrátt fyrir að lagalegt jafnrétti sé komið langt á leið. Þá telur KÍ fyrirbyggjandi lagaákvæði ekki standast hvorki hvað varðar orlofsnefndir né fjármál sveitarfélaga.

Greinargerð: Forsendur þær sem frumvarpið er byggt á eru ekki í samræmi við staðreyndir um stöðu kynjanna hér á landi. Niðurstöður fyrirbyggjandi rannsókna þar um s.s. frá Jafnréttisráði og Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum sýna að konur bera enn mun meiri ábyrgð á barnaupeldi og heimilisstörfum á Íslandi en karlar, en í greinargerð með frumvarpinu er því slegið fram að þessi hlutur sé orðinn jafn án þess að tiltekið sé á hverju sú fullyrðing er byggð. Þá er vinnutími íslenskra karla utan heimilis mun lengri en kvenna og lengri en annarra karla í Evrópu eins og kemur fram m.a. fram í skýrslum OECD um það og getur það ekki annað en takmarkað þann tíma sem karlar hafa til vinnu inni á heimilunum.

Lög um rétt húsmæðra til orlofs taka til allra kvenna sem hafa sinnt ólaunuðu húsmóðurstarfi. Samkvæmt lögnum er Kvenfélagasamband Íslands ábyrgt fyrir skiptingu orlofssvæða og að á hverju orlofssvæði starfi orlofsnefndir sem sjá um framkvæmd orlofsins og skili skýrslum til yfirvalda um hvernig staðið er að málum. Við þetta hefur verið staðið í einu og öllu af hálfu KÍ og tugþúsundir kvenna hafa notið endurnærandi orlofsdvalar sem dæmin hafa sannað að hafa skilað sér með margvíslegum jákvæðum hætti hjá húsmæðrum landsins. Allt starf orlofsnefnda KÍ er unnið í sjálfboðavinnu.

Í greinargerð frumvarpsins er nefnt að orlof húsmæðra sé tímasekkja og fullýrt að lög um orlof húsmæðra brjóti fari gegn meginreglu íslenskrar stjórnskipunar um að allir skulu vera jafnir fyrir lögum.

Talað er um að á síðustu 13 árum hafa miklar breytingar orðið í átt til jafnréttis og jafnræðis og að mikilvægt sé að haldið sé áfram að skapa samfélag og lagaumhverfi sem hefur í hávegum jafnan rétt og stöðu karla og kvenna, hvort sem það er á vinnumarkaði eða utan hans.

Kvenfélagasamband Íslands tekur undir að afar mikilvægt er að skapa raunverulegt jafnrétti milli karla og kvenna, skapa kynjunum jöfn tækifæri og greiða þeim sömu laun fyrir sömu vinnu. Það liggur hins vegar fyrir að launamisrétti milli kynjanna er sársaukafull staðreynd en tilgangur laga um orlof húsmæðra var að

lögfesta viðurkenningu á þjóðfélagslegu mikilvægi ólaunaðra starfa og veita húsmæðrum orlofsréttindi líkt og launþegum eins og segir í greinargerð með frumvarpinu. Á þeim tíma síðan lögin tóku gildi hefur mikilvægi húsmóðurstarfa hvorki verið metið til launa né til starfsreynslu í kjarasamningum verkalyðsfélaganna og ekki hefur mikilvægi húsmóðurstarfa minnkað. Það er því illskiljanlegt að frumvarpið skuli vera lagt fram án þess að nokkur réttindabót, fyrir ólaunuð og oft á tíðum íþyngjandi húsmóðurstörf, skuli vera lögð til í stað þeirra. KÍ telur ekki rétt að byrja á því að leggja niður orlof húsmæðra til að ná fram jafnrétti áður en grundvallaratriðum s.s. launajafnrétti er náð.

Með frumvarpinu um afnám laga um orlof húsmæðra eru flutningsmenn að leita eftir samþykki þingheims til að skapa möguleika til að fría sveitarfélög landsins frá að reiða fram upphæðir sem renna til orlofs húsmæðra, u.þ.b. 33 milljónir fyrir öll sveitarfélög landsins (kr. 103,31 á hvern íbúa). Þessi upphæð, þegar henni hefur verið deilt niður á orlofssvæðin og þær konur sem sækja um orlofsdvöl er ekki há en getur þó gert gæfumuninn um hvort kona getur tekið þátt í orlofinu eða ekki. Launamunur kynjanna er staðreynd og hefur neikvæð áhrif á efnahag kvenna sem og lífeyrisréttindi þeirra og þær hafa minna fé til ferðalaga. Konur sem sinnt hafa störfum innan orlofsnefnda KÍ geta borið þess vitni hve mikilvægu félagslegu hlutverki þessar ferðir hafa skilað. Þær rjúfa einangrun þeirra kvenna sem treysta sér ekki til að ferðast einar og skapar möguleika fyrir konur til að vera í fríu þar sem þær þurfa eingöngu að hugsa um sig sjálfar.

Konur hafa almennt rekstur heimila meira á sínum höndum en karlar enn þann dag í dag. Hvort sem þar er um að ræða daglegan heimilisrekstur, undirbúning hátíða, eða þegar fjölskyldur fara í frí, hvílir undirbúningur og framkvæmd enn að mestu leyti á konum. Einnig er eðlilegt að taka tillit til þeirra kvenna sem enn eru á lífi og sinntu heimilisstörfum einar. Möguleikar þeirra til orlofs hverfa með afnámi laganna.

M.a. vegna þessa er það sjónarmið Kvenfélagasambands Íslands að það sé enn full þörf á orlofi húsmæðra og þó lögin feli vissulega í sér mismunun milli kynjanna, en hér er um jákvæða mismunun að ræða sem hefur verið viðurkennd bæði við löggjafarvinnu og stjórnsýsluframkvæmd þeirra þjóða sem vilja ná fram jafnrétti kynjanna. Vel má fella núgildandi lög um húsmæðraorlof undir ákvæði Jafnréttislaganna sem heimilar sértækar aðgerðir til að rétta kynjahallann. Því leggst KÍ alfarið gegn því að lög um orlof húsmæðra verði felld úr gildi og telur að þegar hinu fulla jafnrétti kynjanna hefur verið náð í öllu tilliti sé fyrst tímabært að skoða afnám laga um orlof húsmæðra.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögin verði felld úr gildi á miðju ári, eða þegar í stað en að orlofsnefndum sé heimilt að starfa til 1. maí 2015 ef rekstrarfé liggur fyrir.

Sveitarfélögum ber að gera fjárhagsáætlun, fyrir árslok ár hvert fyrir næsta ár þar á eftir og ber þar að gera ráð fyrir lögbundnum greiðslum eins og greiðslur til orlofsnefnda eru. Þannig á fjárveiting til orlofsnefndanna þegar að vera afgreidd af hálfu sveitarfélaganna og hafa nefndirnar gert ráð fyrir þeim á yfirstandandi rekstrarári við undirbúning orlofsferða sem þær eiga að sinna á árinu. Lögin eru í gildi þar til þau hafa verið felld niður og þar með er greiðsluskylda sveitarfélaganna skýr. Orlofsnefndirnar hafa þegar skipulagt starfsárið og skuldbundið sig með skipulögðum ferðum. Það að fella lögin úr gildi með svo skömmum fyrirvara og kveða um leið á um að nefndirnar skuli lagðar niður á miðju ári felur þannig í sér

afturvirka lagasetningu sem er andstæð meginreglum stjórnsluréttarins.

Virðingarfyllst
f.h. Kvenfélagasambands Íslands

Hildur Helga Gísladóttir
framkvæmdastjóri



Kvenréttindafélag Íslands

6. mars 2015
Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum, þingskjal 422 —339. mál.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands er í grundvallaratriðum sammála því að afnema lög um orlof húsmæðra í núverandi mynd.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan löggin voru sett og þó enn sé langt í land að jafnrétti kynja sé náð, ekki síst með tilliti til efnahags og kaupgetu, þá er staða kvenna á vinnumarkaði sem og staða karla innan heimilanna gjörbreytt frá þeim tíma sem löggin voru sett.

Kvenréttindafélag Íslands leggst þó gegn því að lög lík þeim sem hér um ræðir, lög sem tryggja ákveðin réttindi kvenna, séu afnumin án þess að gert sé ráð fyrir því að þeir fjármunir sem sparast með afnámi laganna verði nýttir áfram í þágu kvenna og í þágu jafnréttis kynjanna.

Meginábyrgð á rekstri heimila hvílir enn á herðum kvenna og konur taka sér, mun frekar en karlar, hlé frá launuðum störfum til að sinna heimili og fjölskyldu. Þá er launamunur kynja enn staðreynd og afar hægt þokast í átt að því að sá munur hverfi. Staðreyndin er því sú að ævilaun kvenna, og þar af leiðandi lífeyrisréttindi þeirra, eru mun lægri en karla. Þetta ójafnvægi mætti leiðrétta að hluta með því að tryggja heimavinnandi einstaklingum rétt til lífeyristöku. Samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands voru árið 2014 3200 einstaklingar heimavinnandi, þarf af 2700 konur og 500 karlar.

Kvenréttindafélag Íslands leggur til að samhliða afnámi laga um orlof húsmæðra verði sett á lög um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks. Þeim fjármunum sem sveitarfélögin hafa hingað til veitt til orlofs húsmæðra, 100 kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins, verði ráðstafað þannig að einstaklingar sem ekki hafa aflað sér lífeyrisréttinda á almennum vinnumarkaði heldur sinnt ólaunuðu starfi innan heimilis við umönnun barna eða annarra fjölskyldumeðlima eigi rétt á lífeyri umfram lágmarkstryggingu þegar lífeyrisaldri er náð.

Alþingi 10.3.2015

Málsnr.: 1410344

Málalýkill: 0342

Alþingi
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 06.03.2015
nr. erindis 201502351/50.13 uvi

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um orlof húsmæðra þskj. 422-339. mál 144. lþ.

Bæjarráð Mosfellsbæjar 1202. fundur (5. mars 2015) fól undirritaðri að senda velferðarnefnd umsögn bæjarfélagsins um frumvarp til laga um orlof húsmæðra þskj. 422-339. mál 144. lþ. sbr. erindi frá nefndarsviði Alþingis 20. febrúar 2015. Umsögnin er eftirfarandi:

Orlof húsmæðra á sér langa sögu eins og segir í greinargerð með frumvarpinu, en fyrstu lög um það eru frá árinu 1960. Þegar lög um orlofssjóð húsmæðra voru sett var án efa mikil þörf á því að veita þeim fjölda húsmæðra sem önnuðust börn og bú tækifæri á því að njóta orlofs. Atvinnuþátttaka kvenna var þá mun minni en gerist í dag og barnafjöldi á heimilum meiri. Almenn tóttu konur minni möguleika á að njóta hvíldar og tilbreytingar, ef þær þjuggu ekki við þeim mun betri félags- og efnahagslegar aðstæður. Félagsþjónusta í sveitarfélögum og málsmeðferð stjórnsýslunnar var vanþróuð á þessum árum.

Með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og uppbyggingu á félagsþjónustu sveitarfélaga hafa orðið umtalsverðar breytingar þar á. Aðstæður einstaklinga og fjölskyldna sem leita félagslegar aðstoðar sveitarfélaga í dag er í flestum tilfellum metin af félagsráðgjöfum sem eru til þess sérstaklega menntaðir. Þrátt fyrir umtalsverðar breytingar á aðstæðum fólks fyrirfinnst enn hópur einstaklinga sem býr við takmarkaða möguleika á að njóta orlofs, má þar nefna öryrkja með börn á framfæri sem njóta ekki orlofsréttinda.

Hávær umræða hefur verið um óréttláta tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Flestir sem til reksturs sveitarfélaga þekkja telja að miðað við skyldur og verkefni sé þeim of naumt skammtað fé. Í ljósi þessa skýtur skökku við að sveitarfélög á Íslandi séu skylduð til að greiða nefskatt til verkefnis sem augljóslega er barn síns tíma og á ekki lengur við. Svo ekki sé talað um að draga má í efa að ráðstöfun fjárins sé í samræmi við ákvæði laga og að sveitarfélögin hafi ekkert með ráðstöfun þess að gera þrátt fyrir að þeim sé ætlað að veita íbúum sem búa við bágar félagslegar aðstæður þjónustu lögum samkvæmt.

Mosfellsbær styður framlagt frumvarp.

Virðingarfyllst,



Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs



Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

Reykjavík 5. mars 2015.

Alþingi.

Bt. Allsherjar- og menntamálanefnd.

144. löggjafarþing 2014-2015.

Þingskjal 422 – 339. mál.

Efni: Umsögn Orlofsnefndar húsmæðra í Reykjavík um frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum.

Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp það er hér um ræðir.

Í fyrsta lagi gerir nefndin athugasemd við að lögin eigi að öðlast þegar gildi sitt líkt og fram kemur í 2. mgr. frumvarpsins en slíkt telur nefndin ekki ásættanlegt í ljósi þess að nefndin hefur nú þegar lokið skipulagningu og auglýst orlofsferðir fyrir árið 2015 og því ekki hægt að leggja niður ferðir með svo skömmum fyrirvara án þess að til verulegs tjóns komi fyrir alla aðila.

Í öðru lagi gerir nefndin athugasemd við ákvæði til bráðabirgða en það gefur auga leið að ákvæðið hljóðar um of skamman tíma. Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík starfar eftir lögum nr. 53/1972, lög um orlof húsmæðra og ber því að fylgja þeim lögum á meðan þau eru í gildi. Orlofsnefndin hefur nú þegar lokið skipulagningu ársins 2015 og hafin er skipulagning ársins 2016. Hjá Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík er boðið upp á vandaðar og vel skipulagðar ferðir með þarfir hvers einstaklings í fyrirrúmi. Til þess að Orlofsnefnd húsmæðra geti boðið slíkar ferðir, leggja nefndarkonur til mikla ólaunaða vinnu og undirbúningsferli hvernar ferðar er langt. Nefndin telur því ekki unnt að leggja niður starfsemi nefndarinnar með svo stuttum fyrirvara án þess að til tjóns komi. Ef til þess kemur að lög þessi verði samþykkt þá telur nefndin að hún verði í ljósi starfsemi sinnar að fá lengri aðlögunartíma eða í það minnsta eitt til tvö ár.

Í þriðja lagi gerir nefndin athugasemd við frumvarpið í heild sinni í ljósi þess að enn hallar á konur í þjóðfélaginu og þá sérstaklega eldri konur og láglæna konur á öllum aldri. En þetta eru þeir hópar er nýta sér Orlof húsmæðra í Reykjavík. Ýmsar kannanir sýna að konur njóta ekki jafnréttis í launum og þá sérstaklega láglæna konur og eldri konur en þessir tveir hópar eiga langt í land með að ná jafnrétti hvað þetta varðar.

Flestar af þeim eldri konum er njóta orlofsins voru heimavinnandi, áttu ekki rétt á fæðingarorlofi né dagvistun fyrir börn sín. Flestar þeirra eiga ekki rétt á lífeyrissjóðsgreiðslum og margar hverjar hafa séð um veika eiginmenn árum saman ásamt því að réttur þeirra til eftirlauna maka sinna vegur ekki þungt. Margar þessara kvenna hafa einangrað sig félagslega

en eins og allir vita þá er einsemdin einn versti óvinur mannsins. Orlofsferðirnar rjúfa einangrun margra þessara kvenna og stuðla að ánægjuríkara lífi þeirra. Þessar konur hafa hvorki fjárráð né treysta sér í ferðir á eiginvegum ásamt því að oft á tíðum hafa þær ekki ferðafélaga. Í orlofsferðum eignast konur ferðafélaga sem verða oft á tíðum vinkonur í hinu daglega lífi. Það getur því skipt þessar konur verulegu máli að komast í slíka ferð, er þær ráða við fjárhagslega og geta gengið að því vísu að þær njóti félagsskap annarra kvenna og geti deilt sögu sinni með konum sem eiga sér svipaða lífsögu. Orlofsferðirnar eru í alla staði mjög vandaðar og reyndir farastjórar í þeim öllum ásamt því að nefndarkonur eru ávallt til taks fyrir konurnar þeim til halds og trausts. Flestar þessara kvenna tala eingöngu móðurmál sitt og þurfa því að geta lagt fullt traust á farastjóran og nefndarkonur og finna til mikils öryggis í ferðunum.

Annar hópur kvenna sem einna helst nýtir sér orlofsferðir á vegum Orlofsnefndar Reykjavíkur eru láglaunakonur þessar konur hafa lág laun, lág eftirlaun-og eða lága lífeyristryggingu. Í könnun er Gallup gerði fyrir verkalyðsfélag Flóabandalagsins haustið 2014 kemur fram að verkakonur eru með 73% af launum karla og því um verulegan mun að ræða á launum karla og kvenna á meðal verkafólks. Samkvæmt sömu könnun hafa karlar að meðaltali 114 þúsund krónum hærra heildarlaun en konur fyrir fullt starf. Heildarlaun karla í fullu starfi eru að meðaltali 425 þúsund á mánuði á meðan þau eru ekki nema 311 þúsund hjá konum en þetta þýðir hátt í 1,4 milljónir í mun á ári á milli kynjanna.

Í Upphafsorði 1. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla kemur fram að markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Ein af þeim leiðum sem nefndar eru til að ná fram markmiði laganna er að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu, löggjafinn gerir því beinlínis ráð fyrir að sum úrræði sem gripið er til nýtist konum fremur en körlum. Meðan jafnrétti í framkvæmd er ekki nær jafnrétti í lögum er húsmæðraorlofið alls ekki forréttindi, heldur má líta á það sem tilraun til að jafna kjör kynjanna og rétta hlut kvenna þar sem á hefur hallað. Því telur orlofsnefnd húsmæðra ekki mögulegt að fella lögin niður fyrr en markmið jafnréttislaga hefur náðst.

Það er því miður langt í land að markmiði jafnréttislaga sé náð, meðallaun kvenna í flestum starfstéttum eru mun lægri en meðallaun karla. Konur eru mun fjölmennari hópur í hlutastörfum, geta síður unnið yfirvinnu og staðfest er að konur vinna að mestu leyti heimilisstörfin en þau eru jú líkt og allir vita ólaunuð og án orlofsréttar. Starfsaldur kvenna á vinnumarkaði er einnig styttri og er það vegna þess að konur bera enn í dag höfuðþungann af heimilishaldinu, að halda öðru fram er í raun óskhyggja. Þrátt fyrir að lagalegu jafnrétti kynjanna sé náð þá á framkvæmdin enn langt í land. Feministahreyfingar hafa bent ítrekað á þetta í gegnum tíðina og vissulega hefur það skilað árangri í jafnréttisbaráttunni en kynbundið misrétti á sér þó enn stað á hinum ýmsu sviðum þjóðfélagsins. Til dæmis hafa konur aldrei náð því að verða helmingur þingmanna hér á landi og hlutfall karla og kvenna í sveitastjórnnum er enn ójafnt. Í fjölmiðlum eru konur ekki nema í kringum 30% viðmælenda á meðan karlar eru í kringum 70% viðmælenda. Launamunurinn er enn viðvarandi og þar hallar allverulega á konur.

Það verður því að segjast að jafnrétti á talsvert í land hér á landi, við verðum að passa okkur á því að sofna ekki á verðinum því þá getum við átt það á hættu að bakslag komi í jafnréttisbaráttu okkar. Jafnrétti kemur ekki að sjálfu sér og við verðum alltaf að vera á verði. Í ár er verið að halda upp á 100 ára kosningarétt kvenna, þeir sem vilja fella úr gildi lög um orlof húsmæðra á þessum tímapunkti gera sér ekki grein fyrir þeirri gífurlegu vinnu og þeim fórnum er konur fyrr á tímum lögðu á sig til þess að einmitt þær konur sem nú standa að flutningi þessa frumvarps geti í dag starfað á Alþingi okkar Íslendinga.

Virðingarfyllst

Hulda Ólafsdóttir, formaður

Guðrún Einarsdóttir

Hanna Dóra Þórisdóttir

Hjördís Jensdóttir

Ingveldur Ingólfssdóttir

Vilborg Þ. K. Bergman

HÆSTvirtu alþingismenn

Mikið er það gleðilegt að enn finnist á alþingi fólk sem hefur greind, dug og skynsemi til að sjá það sem betur má fara í þjóðfélaginu og hefur kjark til að laga það sem laga þarf.

Engin sóun skal líðast þegar hægt er að koma í veg fyrir það.

Því er nauðsynlegt að fjárframlög til húsmæðraorlofs skulu af tekið og það strax og þó fyrr hefði verið.

Húsmæður hafa verið eins og hver annar baggi á þjóðfélaginu um áraraddir. Þær unnu að vísu heimilisstörfin eftir vinnudag kauplaust eða kauplítið um áraraddir og eiga því engan eða lítinn rétt á lífeyrir eins og dugandi HÆSTvirtir alþingismenn.

Þegar þær fóru út á vinnumarkað fengu konur að sjálfsögðu lægra kaup fyrir sömu vinnu og karlar og er séð um að svo sé enn (nema á alþingi) og er þetta skiljanlegt þetta eru nú bara konur. Vissulega fá þær því lægri eftirlaun úr lífeyrissjóðum eins og eðlilegt er, þó það nú væri..

Húsmæður hafa í gegnum árin einokað eldamennskuna og eytt fjármunum heimilisins endalaust í mat. Kaupa allt of mikið en nú er þó von til að erfiðlið fyrir brennivínsberserkina með brennivínskaupin lagist fljótlega. Þá verður hægt að setja pelann í matvælakörfuna hjá konunni enda dropinn bráðnauðsynlegur og telst því til matvæla í heimilisbókhaldinu.

Þessar húsmæður hrúga alltaf niður organdi börnum og þar eru þær líka með þessi sérréttindi að þeim er aldrei kenndur krakki sem þær eiga ekki.

Það þarf að koma í veg fyrir að þessar húsmæður, ömmur og mömmur sem alltaf hafa fleytt rjómann ofan af þjóðfélaginu séu með einhver sérréttindi, manneskjur sem aldrei hafa gefið neinum neitt.

Hvers vegna eiga þær nú að fara að ferðast á kostnað samborgaranna þær fá 183 824 krónur á mánuði og kannski 15 þúsund frá lífeyrirsjóði svo það er augljóst þær vaða í peningum þessar frekjur. .

Því segi ég dugmiklu alþingismenn afnemið þennan óþarfa strax það gæti bjargað landinu.

Kópavogi 7. mars 2015

Guðlaug Erl Jónsdóttir

0712362429

formaður Orlofsnefndar Kópavogs.

11. júní 2015

Umsagnarbeiðni allsherjar- og menntamálanefndar um ofangreint mál, dags. 20. febrúar 2015, virðist hafa mislagst hjá undirrituðum og er beðist velvirðingar á því að umsögn Sambandsins liggur ekki fyrir í málinu.

Þess er vinsamlega óskað að við umfjöllun sína um málið, sem er á dagskrá nefndarinnar á morgun, taki nefndin mið af fyrri umsögn sambandsins um sama efni. Sjá umsögn á 138. löggjafarþingi, 77. mál: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=138&dbnr=55>

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur um langt skeið talað fyrir afnámi laganna og m.a. ítrekað óskað eftir því að ráðherrar félagsmála beittu sér fyrir afnámi laganna. Frumvarpið er vel rökstutt og í góðu samræmi við þá afstöðu sem samþykkt hefur verið á vettvangi stjórnar sambandsins. Sambandið styður því eindregið að frumvarpið verði að lögum.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga
Guðjón Bragason,
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs



Alþingi
Erindi nr. P 138/55
komudagur 4.11.2009

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b/t félags- og tryggingamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. nóvember 2009

0910039SA GB
Málalykill: 230

Efni: Umsögn um frv. til laga um afnám laga um orlof húsmæðra, 77. mál

Sex þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972. Samband Íslenskra sveitarfélaga fagnar framlagningu frumvarpsins, sem er í samræmi við áherslur stjórnar sambandsins. Í maí 2009 sendi sambandið samgönguráðherra bréf þar sem óskað var eftir því að lögini verði felld úr gildi sem fyrst. Málið hefur raunar reglulega verið tekið upp við ráðherra sveitarstjórnarmála og m.a. lagði nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði árið 1998 það til að lögini yrðu afnumin.


Í því erfiða rekstrarumhverfi sem sveitarfélögin glíma nú við er lögð rík áhersla á að skerða ekki grunnþjónustu en hætta eða draga úr stuðningi við önnur verkefni. Ljóst er að orlof húsmæðra telst ekki til grunnþjónustu sveitarfélaga í þeirri mynd sem það er nú framkvæmt. Er það því eindreginn vilji margra sveitarstjórna að lög nr. 53/1972 verði afnumin til að þau geti varið þeim fjármunum sem þeim er samkvæmt lögum skylt að greiða til þessa verkefnis í önnur og brýnni verkefni.

Eins og rakið er í skýringum við frumvarpið hafa allmörg sveitarfélög gert athugasemd við fyrirkomulag húsmæðraorlofs og talið lögini m.a. stríða gegn ákvæðum jafnréttis laga enda njóta karlar ekki sömu réttinda og konur samkvæmt lögnum. Framkvæmd húsmæðraorlofs er einnig á margan hátt áfátt. Þar má m.a. nefna að kostnaðarþátttaka orlofsþega er víða langt umfram það sem lögini heimila og fæstar orlofsnefndir skila lögboðinni ársskýrslu til félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Af hálfu sambandsins er mikil áhersla lögð á að frumvarpið verði að lögum fyrir lok þessa árs og er þess vænst að þinglegri meðferð málsins verði hraðað eins og frekast er kostur til að svo geti orðið.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Umsögn um frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna), 339. mál

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi 9. mars 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um orlof húsmæðra 339. mál.

Stjórn Sambands sunnlenskra kvenna og orlofsnefnd hefur mótttekið erindi allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis dags. 20. febrúar 2015 þar sem óskað var eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Orlof húsmæðra var mikil bót fyrir húsmæður á Íslandi þegar þau lög voru sett. Margar húsmæður hafa notið orlofs frá þeim tíma. Rannsóknir sýna að enn bera konur meiri ábyrgð á barnauppleidi og heimilsstörfum en karlar. Við teljum að enn hafi ekki allar konur rétt til að sækja í sjóði stéttarféлага þó mikið hafi áunnist í því efni á síðari árum. Við vitum að orlofið hefur verið kærkomið konum sem eru einstæðar, bundnar yfir börnum og/eða sjúklingum og hafa getað fengið sig lausar tímabundið til að taka sér frí og fara í nokkurra daga orlof. Ekki má vanmeta félagslegt gildi orlofs húsmæðra og þar má t.d. nefna konur sem eru af erlendu bergi brotnar og þurfa aðstoð til að komast inn í íslenskt samfélag.

Þrátt fyrir ofangreint má segja að lögin um orlof húsmæðra séu barns síns tíma og með tilliti til jafnréttis kvenna og karla þá teljum við eðlilegt að frumvarp um niðurfellingu þessara laga hafi komið fram. Vissulega er mikilvægt að leggja áherslu á jafnrétti kvenna og karla á öllum sviðum.

Þó að lög þessi verði lögð niður þarf að vera möguleiki fyrir fólk að geta sótt um orlof eða eitthvað á svipuðum nótum til sveitarfélaganna þannig að þeir sem verst eru settir í þjóðfélaginu s.s. öryrkjar, lágtekjufólk eigi möguleika á að taka sér orlof.

Í frumvarpinu kemur fram að ætlast er til að lögin taki þegar gildi. Það teljum við ekki rétt, þar sem sá fyrirvari er alltof skammur. Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu fyrir árið 2015 er skipulagt með nokkurra mánaða fyrirvara. Byrjað var að undirbúa það á haustdögum 2014. Við teljum að lögin eigi að taka gildi 31. des. 2015. Sveitarfélögin skulu því greiða til orlofsins 2015.

Virðingarfyllst

F.h. Sambands sunnlenskra kvenna

Orlofsnefnd og stjórn SSK

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 9. mars 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum, 339. mál.

Samtök atvinnulífsins styðja að frumvarpið verði lögfest. Fyrir afnámi laganna um húsmæðraorlof eru færð þung og sannfærandi rök í greinargerð og taka samtökin undir þau og hafa engu þar við að bæta.

- Lögin erum umdeild frá jafnréttissjónarmiði
- Orlof húsmæðra stendur jafnt þeim konum til boða sem starfa heima við eða á almennum vinnumarkaði og því er um að ræða niðurgreiðslur orlofs fyrir ákveðinn hóp samfélagsins, þ.e. konur sem veita eða veitt hafa heimili forstöðu en ekki körlum sem eru í sömu stöðu.
- Stór hluti þeirra sem þegið hafa húsmæðraorlof undanfarinn áratug eigi lögbundinn rétt til orlofs.
- Í ljósi niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála er fullyrt að efni laga um orlof húsmæðra fari gegn meginreglu íslenskrar stjórnskipunar um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum.
- Erfitt að réttlæta að almannafé verði áfram ráðstafað samkvæmt almennum lögum um orlof húsmæðra þegar forsendur þeirra hafa tekið svo miklum breytingum.
- Orlofið væri barn síns tíma og það ætti að leggja niður.
- Það er því skylda Alþingis að afnema þau strax.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins





Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 4. mars 2015
erindi nr. 201502134 FMR

Tilkynning um afgreiðslu á erindinu: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna), 339. mál.

Á 2998. fundi Bæjarráðs Vestmannaeyja þann, 3.3.2015, var erindið hér að neðan tekið til umfjöllunar og svohljóðandi bókun gerð:

Bæjarráð hvetur alþingi mjög eindregið til að afnema lög um orlof húsmæðra og tekur þar með undir samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja á kvennréttindadaginn 19.júni 2008. Bæjarráð telur að lög um að orlofsnefndir skipuleggi orlof húsmæðra hver í sinu umdæmi og sjái um rekstur orlofsheimila á kostnað bæjarins sé tímasekkja. Gildandi lög um húsmæðraorlof eru frá 1972 og sett í þeim anda sem ríkti þá og miðast við þjóðfélag þess tíma. Þau eru því ekki í anda þess jafnréttis sem nú er unnið að og árangur hefur náðst í enda taka þau einungis til annars kynsins og fela því í sér mismunun.

Minnt er á að í kjölfar fyrirspurnar Vestmannaeyjabæjar árið 2007 svaraði Jafnréttisstofa því til að hún teldi líkur á að lög um orlof húsmæðra teljist brot á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Stofan áréttaði þó jafnframt að það sé Alþingis að afnema hin umræddu lög.

Bæjarráð bendir á að upphafsorð 1. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hljóðar svo: Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Í ákvæðinu eru taldar upp nokkrar leiðir til að ná fram markmiði laganna, m.a. að gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins auk þess að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Ein af þeim leiðum sem nefndar eru til að ná fram markmiði laganna er að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu. Löggjafinn gerir því ráð fyrir að sum úrræði sem gripið er til nýtist konum fremur en körlum. Með hliðsjón af jafnréttissjónarmiðum og grundvallarreglum stjórnskipunarinnar er þó augljóst að slíkum úrræðum verður eingöngu beitt þegar nauðsyn krefur til og að rétta hlut kvenna þar sem á hefur hallað. Verður ekki séð að lög um orlof húsmæðra uppfylli þetta skilyrði enda fá húsfæður og eða ekkjar ekki notið til jafns við konur þess orlofs sem löggin kveða á um. Ljóst má því telja að lög um orlof húsmæðra brjóta gegn lögum um jafna stöðu karla og kvenna og grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunnar.



Afgreiðsla þessi er háð samþykki bæjarstjórnar, og verður þóur tilkynnt tafarlaust ef hún breytist.

Virðingarfyllst,



Fjola Margrét Róbertsdóttir
Þjónustufulltrúi

